

75. stjórnarfundur Bergrisans bs.

12.08.2024

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir og Sandra Sigurðardóttir. Elliði Vignisson var fjarverandi.

Frá Þjónusturáði var Anný Ingimarsdóttir.

Frá Bergrisanum voru Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

Dagskrá

1. Fundargerð Þjónusturáðs

Íris Ellertsdóttir kynnir fundargerð Þjónusturáðs númer 181 í fjarveru formanns Þjónusturáðs.

2. Andrastaðir - beiðni um endurnýjun á samningi

Íris Ellertsdóttir fjallar um málið fyrir hönd sveitarfélagsins Árborgar í fjarveru Sigbrúðar Birtu. Stjórn samþykkir og biður skrifstofustjóra að skoða gerð viðauka við fjárhagsáætlun ef þörf er á.

3. Krafa um miskabætur

Borist hafa kröfur um miskabætur frá tveimur starfsmönnum sem starfa í búsetukjarna fyrir fatlað fólk á starfssvæði Bergrisans. Lögmenn Suðurlands hafa unnið minnisblað um málið og er það lagt fyrir stjórn. Stjórn hafnar kröfunum og felur lögmanni að svara erindunum.

4. Önnur mál

Verkefnastjóri upplýsti um að þarfagreining fyrir nýjan búsetukjarna er að fara í gang. Upplýst var um stöðu mála vegna áætlunar Jöfnunarsjóðs 2024.

Fundi slitið klukkan 13:58.

Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson

Ása Valdís Árnadóttir

Sandra Sigurðardóttir

Bragi Bjarnason